



Fundargerð sambandsþing UMSB 2019

97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar. Haldið í félagsheimilinu Brautartungu í Lundarreykjadal miðvikudaginn 6. mars 2019 kl.18:00

1. Setning

María Júlía setur þingið og býður fólk velkomið. Sambandsstjóri ber upp þá tillögu að Rúnar Hálfðánarson verði þingforseti. Samþykkt með lófaklappi.

2. Kosning þingforseta og ritara

Rúnar þakkar það traust sem honum er sýnt og ber upp þá tillögu að varaþingforseti verði Guðmundur Þorsteinsson og ritara þau Orri Jónsson og Bjarnheiður Jónsdóttir. Hvort tveggja samþykkt með lófaklappi.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Lagt til að Kristján Gíslason, Þóra Árnadóttir og Kristín Gunnarsdóttir sitji í kjörbréfanefnd. Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kallar eftir athugasemdum við boðun á þingið, engar athugasemdir bárust og því telst löglega boðað til þingsins.

4. Skýrsla stjórnar og reikningar

María Júlía sambandsstóri fer yfir störf UMSB á árinu 2018, flytur skýrslu stjórnar. María Júlía þakkar gott samstarf en hún hefur ákveðið að gefa ekki á sér kost til áframhaldandi stjórnarsetu.

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri UMSB fer yfir reikninga UMSB.

5. Álit kjörbréfanefndar

Alls 29 fulltrúar mættir á sambandsþingið.

6. Kosning starfsnefnda þingsins

Stungið uppá Páli Brynjarssyni sem formanni fjárhagsnefndar, Ásgeiri Ásgeirssyni sem formanni íþróttanefndar og Þórdísi Arnardóttur sem formanni allsherjarnefndar. Samþykkt samhljóða. Almennir fundargestir velja sér svo nefnd til að vinna í eftir þinghlé.

7. Inntaka nýrra aðildafélaga

Ekkert félag hefur óskað eftir inntöku í UMSB

8. Umræður um skýrslu stjórnar

Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB kynnir nýjan kafla í skýrslu stjórnar þar farið er yfir hvaða félagar UMSB sem hlotið hafa starfsmerki. Hann kallar þó eftir því að ef einhverjar villur er að finna í þessum tölum má gjarnan koma athugasemdum til hans.

9. Ávörp gesta

Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, kveður sér hljóðs og þakkar framlögð gögn, sambandið sé greinilega vel rekið og vandað sé til verka. Blómlegt starf er á svæði sambandsins og það greinilega mikilvægt varðandi allt félagsstarf, ekki eingöngu íþróttastarf. Mikilvægt sé að hafa öflugt fólk til að draga vagninn í starfi sem þessu og því beri að þakka. Gott samstarf er á milli UMSB og sveitarfélagsins og tengslin eru enn betri eftir að starfsstöð sambandsins var flutt í ráðhúsið. Framundan er Landsmót 50+ í Borgarnesi árið 2020. Gunnlaugur, ásamt framkvæmdastjóra UMSB hittu UMFÍ til að sækja um Unglingalandsmót 2021 og 2022. Borgarbyggð hefur mikið að bjóða, ekki bara í mannvirkjum heldur líka mannauð sem getur séð um framkvæmd svona móts. Bikarmót var haldið í Borgarnesi og kom þar í ljós að ýmis tæki vantaði svo gott sé en mannauðinn vantar ekki. Gunnlaugur óskar sambandinu farsældar um ókomna framtíð

Hafsteinn Pálsson flytur þinginu kveðju frá ÍSÍ. Hann lýsir ánægju með rekstur og skýrslu stjórnar. Hafsteinn kemur inná mikilvægi Íslenskrar Getspár, það megi m.a. sjá í ársreikning UMSB. Hann ræðir jafnframt harða samkeppni við ólöglegar getraunasíður en stýrihópur hefur verið settur á laggirnar til að vinna að framtíðarstefnu Íslenskrar Getspár. Taka verði t.d. á hagræðingu úrslita. Hafsteinn minnir á hin ýmsu verkefni á almenningsíþróttasviði, t.d. Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og Kvennahlaupið. Framundan séu svo Evrópuhátíð, Smáþjóðaleikar og Ólympíuleikar á þarnaesta ári. Verkefnum á erlendra grundu fjölgi stöðugt og séu slík verkefni sem og árangur vel til þess fallinn að hvetja alla til íþróttaiðkunar. Síðast en ekki síst hafa verið settar á laggirnar nefndir til að fjalla um hvað séu eðlileg samskipti og hvernig sé best að haga þeim. Verkefni sem þessu verði að standa vel að og í hverju félagi verði að vera samhugur um verkefnið til að samskipti komist í réttan farveg.

Guðmundur Sigurbergsson flytur þinginu kveðjur stjórnar og starfsfólks UMFÍ. Hann þakkar góða skýrslu sem ber vitni um kraftmikið starf. Unglingalandsmótið sem UMSB hélt árið 2016 sýndi að hér í héraði er sjálfböðastarfshefðin rík. Almennt fari sjálfböðastarf því miður minnkandi. Hann minnir á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður í Borgarnesi dagana 10. til 12. apríl. Guðmundur hvetur fólk til að nýta sér þjónustumiðstöð UMFÍ, ekki síst Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ, í hann megi sækja um styrk fyrir hinum ýmsu verkefnum. Guðmundur tekur undir orð Hafsteins hvað varðar Íslenska Getspá og mikilvægi þess að standa um hana vörð. Síðast en ekki síst hafði honum verið falið að afhenda starfsmerki. Biður Ásgeir Ásgeirsson, Guðríði Ebbu Pálsdóttur og Hrönn Jónsdóttur að koma upp.

Guðmundur Þorsteinsson

Guðmundur Þorsteinsson á Skálpastöðum hefur verið félagi í Umf Dagrenningu lengi. Í Dagrenningu hefur hann gengt flestum þeim trúnaðarstöðum sem þar eru til Verið formaður a.m. k. þrisvar á árabílinu 1964 til 2011 en aldrei verið þaulsætinn. Alltaf jákvæður og hvetjandi. Hann var ritari stjórnar UMSB 1961 – 1965. Þegar skoðað er í fundargerðarbækur sést að hann hefur komið við í flestum nefndum sem Dagrenning er með og það er óhætt að segja að þar sem Guðmundur er að sýsla gerist eitthvað. Gaman að taka til hversu ötull hann er að draga vagninn en þegar hann var formaður síðast afmælisárið 2011 var unnið mikið í að laga húseignir félagsins í Brautartungu

sundlaugarklefnir teknir í gegn, sundlaugarhúsið klætt að utan sem og austurveggur salarins, húsið allt málað að utan og dyttað að og haldin afmælisveisla félagsins. Sjálfur taldi hann að félagar hans í Dagrenningu hefðu lagt um 1000 sjálfboða vinnustundir í þetta allt saman, þar á hann margar vinnustundir. Svona gerist ekki nema með góðri hvetjandi verkstjórn og góðu jákvæðu fordæmi.

Ásgeir Ásgeirsson

Ásgeir hefur verið burðarrás í starfi UMF. Stafholtstungna í fjölmörg ár. Ásgeir kom fyrst inn í stjórn félagsins 1992. Síðan þá hafur hann verið viðloga félagið hvort sem hann hefur verið formaður, ritari, gjaldkeri eða varamaður, hann var formaður umf. Stafholtstungna 1995-1997. Hann er nú nýhættur í stjórn félagsins. Hann hefur þó ekki hætt að starfa fyrir félagið þar sem hann er nú formaður leikdeildar. Innan leikdeildar hefur hann verið mjög virkur síðastliðin 30 ár. Ásamt því að gegna stjórnarstöðu í ungmennafélaginu þá var hann varasambandsstjóri UMSB 2012 – 2015 og kom þar að mörgum góðum verkum. Einnig hefur hann verið mjög virkur í starfi frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar. Ásgeir er sjálfboðaliði af líf og sál.

Guðríður Ebba Pálsdóttir

Ebba hefur unnið gríðarlega óeigingjarnt starf fyrir hreyfinguna í mörg ár eða áratugi. Það berst ekki mikið á Ebbu en hún er góður og traustur félagi sem gott er að leita til. Hún hreinskilin dugnaðarforkur. Hún sat í stjórn UMSB og var ritari ár árunum 2005 - 2010. Hún hefur komið ötullega að starfi sunddeildar og badmintondeildar Skallagríms og setið í stjórn þessara deilda. Deildirnar hafa notið krafta hennar á margan hátt allt frá því að skipuleggja, dæma, keyra og hugsa um keppendur sína og verið þeim góður stuðningur og félagsskapur.

Hún hefur starfað ötullega að umhverfismálum hjá hestamönnum og Golfklúbb Borgarness og má sjá fallett handbragð hennar þar svo eftirtektarvert er. Ebba var valinn sjálfboðaliði GSÍ árið 2014 en þá viðurkenningu hlaut hún fyrir það starfi sem hún hefur unnið fyrir GB í fegrun Hamarsvallar. Ebba hafði áður hlotið umhverfisviðurkenningu Borgarbyggðar fyrir sitt óeigingjarna starf við Hamarsvöllinn en það var árið 2011.

Ebba var í mörg ár sjálfboðaliði á stærstu mótum Badmintonsambands Íslands þar sem hún nuddaði keppendur. Ebba hefur hlotið viðurkenningu fyrir góð störf innan BSÍ. Það er dýrmætt fyrir hreyfinguna að hafa notið krafta Ebbu í gegnum tíðina og án efa njótum við þeirra áfram.

Guðmundur Þorsteinsson kom í pontu og þakkaði því fólki sem hann hefur verið svo heppinn að vinna með, það fólk eigi jafn mikið í viðurkenningunni og hann.

10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Tillögur fyrir sambandsþing 2019 frá stjórn UMSB

1. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2019, sbr. þingskjal 1.

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Áætlun 2019

Skýr. Áætlun 2019

10000 REKSTRARTEKJUR

10099	Félagaskattur	2	1.400.000
11000	Framlög og styrkir	1	21.218.027
14000	Lottó	2	8.200.000
15000	Tekjur v/íþróttu og móta	4	0
20000	Húsa- og vallarleigutekjur	4	<u>29.613.165</u>
22000	Aðrar tekjur	7	<u>0</u>
2999	Rekstrartekjur alls		<u>60.431.192</u>

30000 REKSTRARGJÖLD

31000	Laun og verktakagreiðslur	8	17.676.158
35000	Styrkir til aðildarféлага	9	9.109.657
37000	Áhöld og tæki	11	250.000
40000	Pátttaka í mótum	12	0
45000	Kostnaður v/mótahalds	13	450.000
48000	Rekstur mannvirkja	12	29.271.168
53000	Rekstur skrifstofu	15	1.403.422
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	16	1.080.000
65000	Önnur gjöld	18	<u>18.000</u>
74999	Rekstrargjöld alls		<u>59.258.405</u>

75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða

1.172.787

2. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2019.
3. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.

4. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
5. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir að setja á laggirnar landsmótsnefnd fyrir landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Borgarnesi 2020.
6. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir að tilnefna Írisi Grönfeld í valnefnd fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2019.
7. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir að tilnefna sambandsstjóra UMSB á íþróttaping ÍSÍ fyrir hönd UMSB.
8. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 samþykkir að tilnefna Rósu Marinósdóttur, Pál Brynjarsson og Írisi Grönfeld í stjórn Afreksmannasjóðs UMSB, og Bjarna Traustason til vara.
9. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Ungingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina.
10. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug Landsmót UMFÍ 50 + á Neskaupstað 28. – 30. Júní 2019.
11. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019, samþykkir að stofnaður verður styrktar sjóður í kringum ferðastyrki UMSB. Árlega verður sett að minnsta kosti 200.000 kr í sjóðinn úr sjóði UMSB eða önnur leið fundin til að afla fjár.
12. 97. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019, samþykkir að stofnaður verður vinnuhópur til að endurvekja íþróttahátíð UMSB með nýju sniði.

Greinagerð með tillögu 12.

Íþróttahátíð UMSB var haldin árlega í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi. Tókst hún mjög vel og var fjöldi krakka og unglunga sem tóku þátt. Þar var keppt í frjálsum og sundi. Endurvekja mætti þessa hefð með því að halda íþróttamót með fjölbreyttum greinum sem stundaðar eru innan UMSB. Vinnuhópurinn myndi kanna hvort áhuga væri að endurvekja hátíðina og hvernig hún myndi þá vera. Aðilar í nefndinni myndu vera fár þeim greinum sem stundaðar eru innan UMSB.

11. Þinghlé – nefndir starfa

12. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Formenn koma upp og kynna sínar tillögur

Íþróttanefnd – Ásgeir Ásgeirsson formaður nefndar

5. tillaga

Landsmót 50+ - landsmótsnefnd – íþróttanefndin mælir með að landsmótsnefndin verði sett á laggirnar í síðasta lagi með vorinu. Flemming tekur til máls og mælist hann til þess að póstkort eða einhvers konar kynning verði tilbúin þegar farið verður á næstkomandi mót.

6. tillaga

Kjörnefnd íþróttamanns Borgarbyggðar – ath. leiðréttingu á nafni Grönfeldt – annars samþykkt samhljóða.

8. tillaga

Stjórn afreksmannasjóðs – ath leiðréttingu á nafni Grönfeldt – annars **samþykkt samhljóða.**

9. tillaga

Unglingalandsmót 2019.
samþykkt samhljóða.

10. tillaga

Landsmót 50+ á Neskaupsstað.
Flemming tekur til máls og vekur athygli á að keppendur hafa farið á eigin vegum eða undir merkjum eldri borgara þar sem UMSB styrkir ekki ferð á mótið. Hann ítrekar jafnframt mikilvægi þess að það samband sem haldi næsta mót kynni það vel á mótinu á undan. **Samþykkt samhljóða.**

12. tillaga

Starfshópur um Íþróttahátíð UMSB. Tillaga lesin ásamt greinargerð.
Samþykkt samhljóða.

13. tillaga frá íþróttanefnd – ítrekun um að unnið sé áfram með niðurstöður vinnuhóps um fjölnotahús.

Sigurður Guðmundsson tekur til máls og útskýrir verklag vinnuhóps um nýtt fjölnotahús í Borgarnesi.

Alsherjarnefnd – Þórdís Arnardóttir

3. tillaga

Samþykkt samhljóða.

4. tillaga
Samþykkt samhljóða.

7. tillaga
Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd – Páll Brynjarsson formaður nefndar

1. tillaga

Fjárhagsnefnd gerir það að tillögu sinni að reiknað verði með óbreyttum félagafjölda í stað þess að reiknað með fjölgun á milli ára. Samtölur breytist þá í samræmi við það. 2. tillaga kynnt samhliða að uppástungu þingforseta.

2. tillaga
fjárhagsnefnd leggur til óbreyttan félagaskatt.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

Viðbótartillaga – 14. tillaga. Umræða um starfsstyrk, hann hefur nokkurn veginn staðið í stað frá árinu 2012, örliðlar vísitölubreytingar, um aðra hækkun hefur ekki verið að ræða. Mörg félag þyrftu á hærri styrk að halda.

14. tillaga

97. Sambandsþing UMSB haldið í Brautartungu 6. mars 2019 skorar á sveitarstjórn Borgarbyggðar að hækka verulega framlag til aðildafélaga UMSB, þ.e. svokallaðra starfsstyrkja. Jafnframt felur fundurinn stjórn UMSB að fylgja erindinu eftir gagnvart sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða

13. tillaga

97. Sambandsþing UMSB haldið í félagsheimilinu Brautartungu 6. mars 2019 ítrekar við sveitarfélag Borgarbyggðar að áfram verði unnið með þær tillögur vinnuhóps UMSB um byggingu fjölnota íþróttahúss í Borgarnesi.

Samþykkt samhljóða

Sigurður Hannes vekur athygli á því að handbolta vanti í Borgarfjörðinn.

Bjarni Þór vekur athygli á því að svokölluð handboltahús séu sérstaklega skilgreind þar sem notkun harpix leyfist í slíkum húsum.

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Samþykktir samhljóða.

Kosning stjórnar

Í uppstillingarnefnd störfuðu þeir Páll Snævar Brynjarsson, Borgar Páll Bragason og Flemming Jessen. Páll kynnir tillögu uppstillingarnefndar að stjórn UMSB. Lagt er til að Bragi Þór Svavarsson verði sambandsstjóri, Guðrún Þórðardóttir varasambandsstjóri. Vara varasambandsstjóri verði Hafdís Ósk Jónsdóttir. Gjaldkeri

verði áfram Sigríður Bjarnadóttir, varagjaldkeri verði áfram Eyjólfur Kristinn Örnólfsson. Lagt er til að Bjarni Þór Traustason verði ritari og vararitari Ástríður Guðmundsdóttir. Enn fremur að meðstjórnandi verði Rákel Guðjónsdóttir og Þórhildur María Kristinsdóttir áfram varameðstjórnandi.

Samþykkt með lófaklappi

Kristín Gunnarsdóttir, fráfari ritari, kom í pontu og þakkaði samstarfsfólki samstarfið í stjórn UMSB.

Kosning á íþróttaping ÍSÍ
Sambandsstjóri.

Önnur mál

Ásgeir vekur athygli á tveimur leiksýningum sem nú eru sýndar undir merkjum félaga innan UMSB.

Páll Brynjarsson vekur athygli á skorti á aðstöðu til almenningsíþróttar, t.d. utandyra við þau íþróttamannvirki sem fyrir eru, ítrekar fyrri tillögur um að skora á sveitarstjórn Borgarbyggðar að efla og bæta aðstöðu til almenningsíþróttar. Samþykkt samhljóða. Bragi Þór nýr sambandsstjóri tekur til máls og kynnir sig stuttlega. Þakkar fyrri stjórnarmeðlimum fyrir þeirra störf og þakkar um leið það traust sem nýjum stjórnarmeðlimum er sýnt. Gaf kost á sér vegna þess að krafta UMSB og aðildafélaga gæti á hverjum degi, sambandið sé samofið samfélaginu og því ber öllum að standa vörð um það.

Sigurður G. þakkar fráfari stjórnarmönnum fyrir samstarfið og býður nýja stjórn velkomna til starfa. Síðast en ekki síst hvetur hann til þess að kraftar UMSB í hin ýmsu verkefni séu nýttir.

Þinggerð - þingslit

María Júlía þakkar fyrir þingið, Ungmennafélaginu Dagrenningu fyrir móttökurnar sem og öðrum starfsmönnum. Hún bauð jafnframt nýja stjórn velkomna til starfa og slítur þinginu kl. 20:57.